



Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. september 2024  
MSS24090007  
EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð forsætisnefndar frá 13.9.2024 varðandi eftirfarandi mál:

### **Breyting á lögreglusamþykkt Reykjavíkur - framlagning**

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 5. september 2024, varðandi samþykkt borgarráðs á að fela forsætisnefnd að endurskoða gildandi lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg í samráði við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

Samþykkt að óska eftir umsögnum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og fagsviða Reykjavíkurborgar um atriði sem þarfnast endurskoðunar í gildandi lögreglusamþykkt. Jafnframt er samþykkt að veita öðrum hagsmunaaðilum færi á að koma með ábendingar í opnu ferli í samráðsgátt Reykjavíkurborgar.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Afrit:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Skóla- og frístundasvið  
Velferðarsvið  
Menningar- og íþróttasvið  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið  
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

Bréf skrifstofu borgarstjórnar  
Tillaga borgarstjóra  
Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008  
Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 712/2021



**Reykjavík**



Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. september 2024  
MSS24090007

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 5.9.2024 varðandi eftirfarandi mál:

### **Breyting á lögreglusamþykkt Reykjavíkur - til afgreiðslu**

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 3. september 2024, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela forsætisnefnd að endurskoða lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008 með síðari breytingum, í samráði við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Skrifstofa borgarstjórnar verði forsætisnefnd til aðstoðar.

Greinargerð fylgir tillögunni.  
Samþykkt.

Hulda Hólmkelsdóttir  
e.u.

Afrit:  
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara



Borgarráð

Reykjavík, 3. september 2024  
MSS24090007

### **Tillaga um endurskoðun lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg**

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela forsætisnefnd að endurskoða lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008 með síðari breytingum, í samráði við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Skrifstofa borgarstjórnar verður forsætisnefnd til aðstoðar.

#### **Greinargerð:**

Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg var samþykkt 19. nóvember 2008 og árið 2021 var samþykkt minniháttar breyting á henni. Frá árinu 2008 hafa margvísleg lög og reglugerðir sem varða þá málaflokka sem lögreglusamþykktin tekur til verið breytt, s.s. um úrgangsmál, veitingahús- og gististaði, auk aðalskipulags Reykjavíkurborgar og ýmsar samþykktir borgarinnar. Tími er kominn til að endurskoða lögreglusamþykktina í heild sinni og þá sérstaklega ákvæði um skyldu til snjómoksturs við heimili og fyrirtæki, sbr. skaðabótaþinglög í viðkomandi lögum, meðferð eggvopna, ekki síður en skotvopna, skilgreining á skyldum framkvæmdaaðila varðandi upplýsingar og aðbúnað á verkstað, s.s. fyrir gangandi og hjólandi, ákvæði um númerslausa bíla og bílhræ, bann við lausagangi bifreiða, sterkari ákvæði um bann við losun úrgangs annars staðar en á viðurkenndum móttökustöðvum, sbr. flokkunarskyldu, ný lög um hringrásarhagkerfið og nýjar samþykktir Reykjavíkurborgar um meðferð úrgangs svo dæmi séu nefnd.

Einar Þorsteinsson  
Borgarstjóri

Hjálagt:

Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008, dags. 19. nóvember 2008

Samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008, nr. 712/2021, dags. 14. maí 2021

# LÖGREGLUSAMÞYKKT

## fyrir Reykjavíkurborg.

### I. KAFLI

#### Gildissvið.

##### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkurborgar.

### II. KAFLI

#### Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

##### 2. gr.

Með almannafæri er í samþykkt þessari átt við götur, vegi, gangstéttar, gangstíga, svæði ætluð til almenningsnota og staði sem opnir eru almenningi, svo sem kvikmyndahús, leikhús, samkomuhús, söfn, veitingastaði, verslanir, leiktækjastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli og sölu-turna.

Með leiktækjastað er átt við stað þar sem aðgangur er veittur að leiktækjum, spilakössum, knattborðum, tölvum o.þ.h., gegn borgun.

##### 3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri, og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

Enginn má áreita aðra á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

##### 4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómf lutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri ef ástæða er til að ætla að hún valdi verulegu ónæði eða truflun.

Borgarstjórn getur bannað neyslu áfengis á almannafæri á tilteknum tíma á tilteknum svæðum í þéttbýli. Slíka samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.

##### 5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri svo sem í eða við biðstöðvar almenningsvagna og leigubifreiða, miðasölur, banka, veitingastaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk að jafnaði raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu.

##### 6. gr.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

Sama á við um þá sem valda óspektum, hættu eða hneykslan á almannafæri sökum ölvunar eða af öðrum ástæðum.

##### 7. gr.

Meðferð vatns við hvers konar þrif utandyra er óheimil nema í frostlausu veðri ef það veldur rennsli á gangstétt, gangstíg eða götu þannig að valdi hættu eða óþægindum.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum svo sem spilliefnum eða efnum sem valdið geta mengun eða skemmdum í holræsakerfinu.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

8. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þá hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem liggja að almannafæri.

Á mannvirki og hluti má ekki mála, teikna eða festa auglýsingar nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Óheimilt er að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi byggingarfulltrúa. Sama gildir um ökutæki með auglýsingum sem standa yfirgefnar á eða við almannafæri í auglýsingaskyni. Byggingarfulltrúi skal tilkynna lögreglustjóra um slík leyfi. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður eða gera ólæsilegar á annan hátt.

9. gr.

Borgarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, leikvelli, lystigarða, tjarnir, kirkjugarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

Hvorki má troða niður ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri né slíta þar upp blóm eða annan gróður.

Eigi má gista í tjöldum, húsbílum, hjólhýsum og tjaldvögnum á almannafæri í þéttbýli utan sérmerktra svæða.

10. gr.

Leyfi Reykjavíkurborgar þarf til, ef halda á samkomur á grænum svæðum borgarinnar. Umferð báta um Tjörnina er bönnuð nema með leyfi Reykjavíkurborgar.

11. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópöngur og útifundi í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

12. gr.

Meðferð skotvopna í þéttbýli og á almannafæri er bönnuð nema með sérstakri undanþágu frá lögreglustjóra.

Ekki má á almannafæri ganga með logandi blys, kveikja í bálköstum né halda skoteldasýningar nema með leyfi lögreglustjóra.

13. gr.

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannafæri.

Borgarstjórn getur sett samþykktir um farandsölu og sölu á götum, torgum og öðrum stöðum.

## 14. gr.

Lögreglustjóri getur bannað öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfn.

## 15. gr.

Ekki má gera jarðrask, svo sem skurði í gangstéttir, götur eða torg né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi Reykjavíkurborgar. Við veitingu leyfis skal setja skilyrði sem nauðsynleg eru til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og tilkynna leyfisveitingu til lögreglustjóra. Að verki loknu skal leyfishafi færa það í samt lag sem raskað var.

Þegar grafinn er skurður í gangstétt eða á öðrum stað sem ætlaður er gangandi vegfarendum skal sá sem verkið vinnur sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, svo sem með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, t.d. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h. þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig að sem minnstur farartálmi verði. Sé nauðsynlegt að loka gangstétt vegna framkvæmda skal hjáleid tryggð og afgirt frá umferð ökutækja innan þéttbýlismarka og annars staðar þar sem umferð er mikil.

Reykjavíkurborg getur bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað í samráði við sviðsstjóra framkvæmda- og eignasviðs. Haft skal samráð við vegamálastjóra þegar það á við. Einnig getur Reykjavíkurborg ákveðið, í samráði við sviðsstjóra framkvæmda- og eignasviðs, að skurðir í götur séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur Reykjavíkurborg með sama hætti, ef framkvæmdirnar dragast um of, látið setja í samt lag það sem raskað var, eftir atvikum á kostnað þeirra sem ábyrgð bera á framkvæmd.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. geta borgarstjórn og lögreglustjóri komið sér saman um verklagsreglur sem kveða á um annað fyrirkomulag sé um skammtímaráðstöfun að ræða.

Setja skal upp skilti og merkingar til leiðbeiningar fyrir öikumenn vegna framkvæmda sem truflað geta umferð. Sé fyrirsjáanlegt að framkvæmdir muni taka lengri tíma en 7 daga skal setja upp ítarlegri skilti þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmdina, á hvers vegum hún er og hvað hún muni standa lengi.

Reykjavíkurborg getur beint þeim fyrirmælum til öikumanna og eigenda ökutækja að þeir leggi ekki ökutækjum á tilteknum svæðum svo unnt sé að framkvæma hvers konar nauðsynlegar viðgerðir eða hreinsanir á götum. Tilmælin skulu tilkynnt með upplýsingaskiltum eða öðrum tryggum hætti. Sé slíkum tilmælunum ekki sinnt getur Reykjavíkurborg látið flytja ökutæki á brott án frekari viðvörunar svo viðgerð eða hreinsun geti farið fram. Tilkynna skal eiganda ökutækis og lögreglu um brottflutninginn og hvar má vitja ökutækisins sé það ekki flutt aftur á sama stað eftir að viðgerð eða hreinsun lýkur.

## 16. gr.

Húseigendum eða umráðamönnum húseigna er skylt að hlíta fyrirmælum byggingarfulltrúa um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður sem liggur að götum, gangstéttum og gangstígum, þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Borgarráð getur sett nánari reglur um skerðingu gróðurs. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það flutt brott, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt, að höfðu samráði við byggingarfulltrúa, að ganga svo frá hússtæðinu að ekki stafi af því hættu, óþrifnaður eða óprýði. Sama gildir um hús sem standa yfirgefin.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt er eiganda og/eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum sem byggingarfulltrúi gefur til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur og skulu sett upp skilti til leiðbeiningar eftir því sem við á. Við flutning húsa skal eigandi og/eða verktaki kalla til lögreglu eftir því sem umferðarlög kveða á um.

Girðingar sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar skal fjarlægja þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Um öryggi á vinnusvæðum við almannafæri gilda ákvæði skipulags- og byggingarlaga auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ásamt reglum settum á grundvelli þeirra.

#### 17. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á lóðum hans eða landi. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast þar við ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum ef húsráðandi leggur við því bann.

#### 18. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á almannafæri nema í þar til gerð ílát. Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð eða land annars manns.

Hver sem það gerir skal flytja óhreinindin tafarlaust í burt á sinn kostnað.

### III. KAFLI

#### Um ökutæki, umferð o.fl.

#### 19. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum borgarráðs, veitt undanþágu frá ofangreindu.

Vörubifreiðum sem eru 4 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutninga-bifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða almennings-bifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða hættu.

#### 20. gr.

Vélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í notkun er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur er nauðsynlegt er, svo komast megi hjá mengun og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

## 21. gr.

Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum borgarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra ökutækja á einstökum götum ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð eða íbúa.

Allur akstur torfærutækja, s.s. vélsleða og torfæruhjóla, er bannaður innan þéttbýlis. Borgarstjórn getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra.

## 22. gr.

Á og við götur eða vegi eða þar sem hættu stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hættu eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegi í alfaraleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitssemi gætt.

## 23. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

## 24. gr.

Þeir sem flytja farm um götur borgarinnar skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað hrynur niður við flutning, fermingu eða affermingu á almannafæri er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

## IV. KAFLI

**Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.**

## 25. gr.

Um leyfi til rekstrar veitingastaða, útleigu samkomusala í atvinnuskyni og leyfi til skemmtanahalds gilda ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn. Stafi íbúum í nágrenni slíks veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur borgarstjórn þó takmarkað afgreiðslutíma hans.

Um staðsetningu, opnunartíma, afgreiðslutíma áfengis, veitingastaða o.fl. gilda málsmeðferðarreglur borgarráðs um veitingastaði og gististaði.

Afgreiðslu- eða þjónustutími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjálst að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Borgarstjórn getur þó takmarkað afgreiðslu- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

## 26. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.



Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

27. gr.

Enginn má reka leiktækjastað eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Leyfi skal ekki veita til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur.

Börnum yngri en 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum leiktækjastöðum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

V. KAFLI

**Um dýrahald.**

28. gr.

Um dýrahald fer eftir sérstöku samþykktum, s.s. samþykkt um hundahald í Reykjavík, samþykkt um kattahald í Reykjavík og samþykkt um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík.

VI. KAFLI

**Um refsingar, kostnað, gildistöku o.fl.**

29. gr.

Ef einhver lætur ógert það sem honum er skylt að gera skv. samþykkt þessari eða reglum settum samkvæmt henni getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra greiðist af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni.

30. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum sbr. 6. gr. laga nr. 36 18. maí 1988 um lögreglusamþykktir nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum.

Mál sem varða brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar skal fara með að hætti laga um meðferð opinberra mála.

31. gr.

Lögreglusamþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt skv. lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1988 og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt er felld úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 506, 3. júní 2004 með áorðnum breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. nóvember 2008.*

**Björn Bjarnason.**

*Halla Bergþóra Björnsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg, nr. 1097/2008.

1. gr.

Við 16. gr. samþykktarinnar bætist svohljóðandi 6. mgr.:

Óheimilt er að nota, reisa eða setja upp girðingar í og við þéttbýli sem geta valdið vegfarendum eða dýrum hættu eða óþægindum, til dæmis gaddavírs- og rafgirðingar.

2. gr.

Breyting á samþykkt þessari, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1988 og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 14. maí 2021.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Haukur Guðmundsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2021



Forsætisnefnd

Reykjavík, 7. október 2024

MSS24090007

## Umsögn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um atriði sem þarfnast endurskoðunar í gildandi lögreglusamþykkt

Vísað er til bréfs, dags. 18. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn fagsviða Reykjavíkurborgar um atriði sem þarfnast endurskoðunar í gildandi lögreglusamþykkt.

Lýðheilsu- og forvarnarteymi skóla- og frístundasviðs hefur yfirfarið gildandi lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg og leggur til að tillit verði tekið til eftirfarandi við endurskoðun á samþykktinni:

### 4. gr.

Af gefnu tilefni er ástæða til að vernda börn og unglunga betur gegn óheftu aðgengi á áfengi. Þetta verði ekki háð ákvörðun borgarstjórnar í hverju tilfelli fyrir sig, heldur verði þetta betur útlístað í lögreglusamþykkt. Þetta gæti átt við s.s. um eftirfarandi tilfelli:

- Á íþróttaviðburðum
- Á tónleikum og öðrum menningarviðburðum
- Á miðnæturofnun verslana
- Tækifærisviðburðum fyrirtækja
- Viðburðum á vegum borgarinnar, s.s. á menningarnótt

Þetta væri m.a. hægt að gera með því að:

- Að áfengissala sé á afmörkuðu svæði þar sem börn og unglingar hafi ekki aðgang að og er ekki á svæði þar sem allir þurfa að ganga í gegnum.
- Að óheimilt sé að taka áfengi með í stúkuna/tónleikasvæðið/verslunarsvæðið eða að svæðinu sé skipt þannig upp að einungis væri hægt að kaupa og neyta áfengis á afmörkuðu svæði þar sem börnum er óheimill aðgangur. Þá væri í boði áfengislaus svæði fyrir börn og barnafjölskyldur.

### 12. gr.

Það þarf að bæta fleiri gerðum vopna við greinina s.s. að ekki megi vera með skotvopn, eggvopn, heimagerð vopn eða önnur vopn í þéttbýli og á almannafæri.

Bæta mætti inn ákvæðum um að börn og unglingar megi ekki bera hvers konar vopn. Skerpa þarf á ábyrgð foreldra þar að lútandi.

Það mætti taka fram að eðlilegt og sjálfsagt getur talist að nota hnífa við tálgun, veiðar og annað, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna. En börn og unglingar þurfa þá að vera undir eftirliti og handleiðslu fullorðinna, s.s. í skóla- og frístundastarfi og skátastarfi.

Æskilegt væri að setja inn sektarákvæði varðandi skotelda utan þess tíma sem þeir eru leyfilegir.

Virðingarfyllst,

*Helgi Grímsson*

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík



Skrifstofa borgarstjórnar og forsætisnefnd  
Ráðhús Reykjavíkur  
sent í tölvupósti.

Reykjavík 14. febrúar 2025

**Efni: Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs um endurskoðun lögreglusamþykktar**

Á fundi borgarráðs þann 5. september 2024 var samþykkt tillaga borgarstjóra um að fela forsætisnefnd að endurskoða lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008 með síðari breytingum, í samráði við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

Með bréfi dags. 18. september 2024 barst umhverfis- og skipulagssviði beiðni frá skrifstofu borgarstjórnar, þar sem óskað var umsagnar um atriði sem þörfuðust endurskoðunar í gildandi lögreglusamþykkt að mati sviðsins.

Umhverfis- og skipulagssvið fagnar ofangreindri endurskoðun. Leitað var ábendinga innan sviðsins við gerð umsagnarinnar, og samráð haft við byggingarfulltrúa og deild afnota og eftirlits, samgöngustjóra, bílastæðasjóð, skrifstofu borgarlandsins, heilbrigðiseftirlitið, skrifstofu umhverfisgæða og matvæla- og umhverfiseftirlit.

Ábendingar hafa verið samræmdar og er þeim skilað inn sem athugasemdum inn í yfirfarið skjal af lögreglusamþykktinni, sem er hér meðfylgjandi. Einstaka athugasemdir inn í skjalinu vísa í röksemdir á bakvið breytingartillögu, þar sem við á. Einnig eru breytingatillögur beint á texta inn í skjalinu, og að lokum hefur verið sett inn athugasemd þar sem betur mætti athuga. Hreint skjal fylgir einnig með.

Tillögur í umsögninni lúta t.d. að því að nútímavæða orðalag og kynhlutleysa, taka út sérgreindar skilgreiningar, stytta orðalag er fjallar um einstakar heimildir, takmarkanir eða leyfi (t.d. afnotaleyfi) og vísa frekar í skilmála og lög þar sem við á. Að auki snúa tillögur að því að samræma orðalag almennt. Lagt er til að þar sem Reykjavíkurborg er einn vinnustaður verði Reykjavíkurborg það stjórnvald sem vísað er til, fremur en að tiltaka deildir eða skrifstofur innan borgarinnar sem geta tekið breytingum og tilfærslum. Þá er skýrar tekið fram í samþykktinni að Reykjavíkurborg er heimilt að vinna úrbætur, og á kostnað hlutaðeigandi þegar við á. Að lokum er orðalag bætt er miðar að umhverfismálum, til samræmis við stefnu borgarinnar þar um og þær breytingar sem hafa orðið á þeim málaflokki síðustu ár, einkum er varðar náttúru, vatnsgæði, efnanotkun, úrgangsmál, endurnot (hringrás), loftgæði og önnur umhverfismál og umhverfisgæði innan vistvæns þéttbýlis. Þá hefur einnig verið hnekk á skyldum þeirra er stunda atvinnustarfsemi í þéttbýli, einkum m.t.t. grenndaráhrifa og mengunar, til að koma til móts við þéttingarstefnu borgarinnar.

Undirrituð og annað starfsfólk skrifstofu stjórnarsýslu og gæða er boðið og búið til frekari samtals um tillögurnar, t.d. að kynna þær fyrir nefndinni, sé þess óskað. Að auki væri þakklátt að fá að lesa yfir lokaendurskoðun þegar hún liggur fyrir, m.t.t. þeirra tillagna sem hér eru settar fram, og ef tími gefst.

Virðingarfyllst,

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Harpa Fönn Sigurjónsdóttir,  
lögfræðingur á skrifstofu stjórnarsýslu og gæða

- **HREINT SKJAL, sjá sambærilegt skjal með yfirferð og athugasemdum.**  
**Endurskoðun lögreglusamþykktar – YFIRFERÐ frá Umhverfis- og skipulagssviði**  
**Reykjavíkurborgar 14. febrúar 2025**

LÖGREGLUSAMÞYKKT

**fyrir Reykjavíkurborg.**

I. KAFLI

**Gildissvið.**

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkurborgar.

II. KAFLI

**Um reglu, vistvæna byggð og almennt öryggi**

2. gr.

Með almannafæri er í samþykkt þessari átt við götur, vegi, gangstéttar, gangstíga, svæði ætluð til almenningsnota, svo sem leiksvæði og almenningsgarðar, og staði sem opnir eru almenningi, svo sem kvikmyndahús, leikhús, samkomuhús, söfn, veitinga- og skemmtistaði, verslanir, íþróttahús- og vellir, leiktækjastaði, rafíþróttasetur bifreiðastöðvar, biðskýli og söluturna, og aðra sambærilega staði.

3. gr.

Uppbot, áflog, óspektir eða önnur ófriðsamleg háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri, og ekki má þyrpast þar saman, ef það hindrar umferð eða veldur öðrum óþægindum.

Enginn má áreita aðra á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur óþarfa ónæði eða raskar næturró manna, Nauðsynleg samfélags- og neyðarþjónusta er undanþegin ákvæðinu.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómf lutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri ef ástæða er til að ætla að hún valdi verulegu ónæði eða truflun.

Borgarstjórn getur bannað neyslu áfengis á almannafæri á tilteknum tíma á tilteknum svæðum í þéttbýli. Slíka samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.

5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri svo sem í eða við biðstöðvar almenningsvagna og leigubifreiða, miðasölur, banka, samkomuhús, veitingastaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk að jafnaði raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu.

## 6. gr.

Lögreglan getur vísað þeim í burtu af almannafæri sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

Sama á við um þá sem valda óspektum, hættu eða hneykslan á almannafæri sökum ölvunar eða af öðrum ástæðum.

Um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa fer eftir lögreglulögum.

## 7. gr.

Meðferð vatns við hvers konar þrif utandyra er óheimil nema í frostlausu veðri ef það veldur rennsli á gangstétt, gangstíg eða götu þannig að valdi hættu eða óþægindum.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum svo sem hreinsi- eða spilliefnum eða efnum sem valdið geta mengun eða skemmdum í holræsakerfinu.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

## 8. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða náttúru. Þetta á einnig við þá hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem liggja að almannafæri.

Á mannvirki og hluti má ekki mála, teikna eða festa auglýsingar nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Um uppsetningu skilta á almannafæri fer skv. gildandi samþykkt um skilti í Reykjavík. Uppfestar auglýsingar eða tilkynningar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Að öðrum kosti áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að hreinsa á kostnað hlutaðeigandi. Löglega uppfestar tilkynningar má enginn rífa niður eða gera ólæsilegar á annan hátt.

## 9. gr.

Borgarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, leikvelli, lystigarða, tjarnir, kirkjugarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða kynntar með öðrum fullnægjandi hætti.

Almennt skal ganga vel um borgarland og opin svæði. Hvorki má troða niður ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði, né slíta þar upp blóm eða annan gróður eða raska náttúrunni á annan hátt.

Eigi má gista í tjöldum, húsbílum, hjólhúsum og tjaldvögnum á almannafæri í þéttbýli utan sérmerktra svæða.

## 10. gr.

Leyfi Reykjavíkurborgar þarf til, ef halda á samkomur á opnum svæðum borgarinnar. Umferð báta um Tjörnina er bönnuð nema með leyfi Reykjavíkurborgar.

Taka skal tillit til dýra og fuglalífs í borgarlandi, einkum yfir varp- eða fengitíma. Eftir atvikum skal gera ráðstafanir til að tryggja að heimilisdýr, athafnir eða framkvæmdir fólks raski ekki villtu dýra- og fuglalífi að óþarfa.

Halda skal í lágmarki þeim efnum eða athöfnum sem geta gengið að eða raskað líffræðilegri fjölbreytni í borgarlandi, einkum á opnum svæðum.

11. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópögngur, útifundi og aðrar útisamkomur í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar. Að jafnaði skal ekki leyfa slíkar samkomur nema í takmarkaðan og fyrirfram skilgreindan tíma, og einkum að degi til. Ef samkoma hefur í för með sér aðstöðusköpun skal fara eftir reglum sem gilda um afnotaleyfi.

12. gr.

Meðferð skotvopna og eggvopna í þéttbýli og á almannafæri er bönnuð nema með sérstakri undanþágu frá lögreglustjóra.

Ekki má á almannafæri ganga með logandi blys, né halda skoteldasýningar nema með leyfi lögreglustjóra. Um meðferð elds, sinubrennur og bálkesti fer eftir lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.

13. gr.

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannafæri.

Um farandsölu og sölu á götum, torgum og öðrum stöðum fer eftir samþykkt um götu- og torgsölu í Reykjavík.

14. gr.

Lögreglustjóri getur bannað öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út ískip, sem liggja í höfn.

15. gr.

Ekki má gera jarðrask, svo sem skurði í gangstéttir, götur eða torg né raska þeim á annan hátt, né vera með aðstöðusköpun eða aðra viðburði á borgarlandi, nema með afnotaleyfi Reykjavíkurborgar. Fara skal eftir þeim skilmálum sem gilda um afnotaleyfi, sbr. t.d. er varðar umhverfisáhrif og hringrás, úrgangslausun, öryggisþætti og aðgengi.

Skal ávallt tryggja að framkvæmdir séu unnar þannig að sem minnst röskun eða farartálmi verði, t.d. með viðeigandi leiðbeiningum, ljósum, girðingum eða merkjum. Að auki skal leyfishafi stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu við framkvæmdir, draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans. Mengandi úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, sbr. reglugerð um mengaðan jarðveg. Jafnframt skal tryggja aðgengi að íbúðarhúsum, fyrirtækjum, stofnunum og grenndar – og endurvinnslustöðvum, sem og annarri þjónustu. Tilkynna skal leyfisveitingu til lögreglustjóra.

Að verki loknu skal leyfishafi skila borgarlandinu í því horfi sem hann tók við því í samræmi við skilmála og skilyrði útgefins leyfis, á sinn kostnað. Að öðrum kosti mun Reykjavíkurborg framkvæma lagfæringar á kostnað leyfishafa.

Reykjavíkurborg getur bannað umferð að nokkru eða öllu leyti, eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað á meðan á framkvæmd stendur. Haft skal samráð við forstjóra Vegagerðarinnar þegar það á við. Einnig getur Reykjavíkurborg ákveðið skurðir í götur séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur Reykjavíkurborg með sama hætti, ef framkvæmdirnar dragast um of, látið setja í samt lag það sem raskað var, eftir atvikum á kostnað þeirra sem ábyrgð bera á framkvæmd.

Reykjavíkurborg getur beint þeim fyrirmælum til ökumanna og eigenda ökutækja að þeir leggi ekki ökutækjum á tilteknum svæðum svo unnt sé að framkvæma hvers konar nauðsynlegar viðgerðir eða hreinsanir á götum. Tilmælin skulu tilkynnt með upplýsingaskiltum eða öðrum tryggum hætti. Sé slíkum tilmælunum ekki sinnt getur Reykjavíkurborg látið flytja ökutæki á brott án frekari viðvörunar svo viðgerð eða hreinsun geti farið fram. Tilkynna skal eiganda ökutækis og lögreglu um brottflutninginn og hvar má vitja ökutækisins sé það ekki flutt aftur á sama stað eftir að viðgerð eða hreinsun lýkur.

16. gr.

Húseigendum eða umráðamönnum húseigna er skylt að hlíta reglum Reykjavíkurborgar um girðingar o.þ.h. sem liggja að borgarlandi. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður sem liggur að götum, gangstéttum og gangstígum, þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Reykjavíkurborg er heimilt að láta snyrta gróður sem hindrar umferð vegfaranda á kostnað lóðarhafa, enda sé tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

Ganga skal frá lóðum og mannvirkjum þannig að ekki stafi hætta af, skv. lög um mannvirki, og að ekki sé þar mengun, óþrifnaður eða óprýði.

Um öryggi á vinnusvæðum við almannaferi gilda ákvæði laga um mannvirki, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ásamt reglum settum á grundvelli þeirra.

Óheimilt er að nota, reisa eða setja upp girðingar í og við þéttbýli sem geta valdið vegfarendum eða dýrum hættu eða óþægindum, til dæmis gaddavírs- og rafgirðingar.

Girðingar skal fjarlægja þegar þeirra er ekki lengur þörf.

17. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á íbúðarhúslóð í þéttbýli. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast þar við ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum ef húsráðandi leggur við því bann.

18. gr.

Ekki má fleygja rusli eða öðru þess háttar á í borgarland eða á lóð, og er einstaklingum og lögaðilum skylt að flokka úrgang í samræmi við lög og samþykktir hverju sinni. Hver sem það gerir skal flytja óhreinindin tafarlaust í burt á sinn kostnað.

III. KAFLI

**Um ökutæki, umferð o.fl.**

19. gr.



Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Bannað er að leggja ökutæki í borgarlandi eða á stöðum sem ekki eru ætlaðir umferð, skv. umferðarlögum. Lagning númerslausra ökutækja á slíkum stöðum er að sama skapi óheimil. Reykjavíkurborg er heimilt að fjarlægja slík ökutæki. Ef það liggur fyrir skal eiganda ökutækis eða lóðar send tilkynning, og skal veita frest til úrbóta ella verði ökutæki fjarlægt á kostnað hlutaðeigandi. Um ökutæki og aðra lausamuni í borgarlandi og á lóðum fer eftir hollustuháttarreglugerð. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum borgarráðs, veitt undanþágu frá ofangreindu.

Ökutækjum sem eru yfir 4 tonn af leyfðri heildarþyngd eða ökutæki sem mega flytja 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða bifreiðastæðum, nema þau séu til þess ætluð.

Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Reykjavíkurborg getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda mengun, óþægindum, óþrifnaði eða hættu.

Óheimilt er að ríða hestum á akbrautum í þéttbýli. Hestar mega ferðast eftir vegöxlum utan þéttbýlis og á göngustígum innan þéttbýlis, sé þess nauðsyn, þó þannig að umferð gangandi gengur fyrir. Að öðru leiti skulu hestar ferðast á merktum reiðstígum.

20. gr.

Vélar kyrrstæðra ökutækja er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur en nauðsynlegt er, svo komast megi hjá mengun og hávaða.

21. gr.

Reykjavíkurborg getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra ökutækja á einstökum götum ef slík umferð er álitin hættuleg, skerði loftgæði yfir heilsuverndarmörk, eða er til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð eða íbúa, að fengnu samþykki lögreglustjóra. Um aðgerðir Reykjavíkurborgar í þessum efnum fer eftir umferðarlögum.

Allur akstur torfærutækja, s.s. vélsleða og torfæruhjóla, er bannaður innan þéttbýlis. Reykjavíkurborg getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra.

22. gr.

Á og við götur eða vegi eða þar sem hættu stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hættu eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

23. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

24. gr.

Þeir sem flytja farm um götur borgarinnar skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi mengun, óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað hrynur niður við flutning, fermingu eða affermingu á almannafæri er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

#### IV. KAFLI

##### **Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.**

25. gr.

Um leyfi til rekstrar veitingastaða, útleigu samkomusala í atvinnuskyni og leyfi til skemmtanahalds gilda ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Um opnunartíma í þéttbýli er fjallað í skipulagsskilmálum Reykjavíkurborgar. Afgreiðslu- eða þjónustutími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er að því marki sem heimilt er í lögum er gilda á hverjum tíma, eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Um staðsetningu, opnunartíma, afgreiðslutíma áfengis, veitingastaða o.fl. gilda að öðru leiti málsmeðferðarreglur borgarráðs um veitingastaði og gististaði.

Reykjavíkurborg getur takmarkað afgreiðslu- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði eða öðrum neikvæðum grenndaráhrifum.

26. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun, íþróttaviðburð eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði eða neikvæðum grenndaráhrifum. Skulu rekstraraðilar stuðla að sjálfbærni við starfsemina, og koma í veg fyrir uppsöfnun úrgangs eða efna, og þau hljóti viðeigandi flokkun og meðhöndlun í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík og lög hverju sinni.

Um leið og opnunartíma lýkur skal stöðva allar athafnir innan veitingarstaðarins eða starfsemis, slökkva á allri afþreyingu, hætta afgreiðslu og beina viðskiptavinum á að yfirgefa staðinn. Óheimilt er að safnast saman fyrir utan veitinga- og skemmtistaði og aðra starfsemi þannig að leitt geti til neikvæðra grenndaráhrifa.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomustaði og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

27. gr.

Enginn má reka leiktækjastað eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Leyfi skal ekki veita til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur.

Börnum yngri en 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum leiktækjastöðum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

## V. KAFLI

### **Um dýrahald.**

28. gr.

Dýraþjónusta Reykjavíkur heldur utan um málefni gæludýra og annarra dýra sem lent hafa í hremmingum í borginni. Að öðru leiti er fjallað um dýrahald í sérstökum samþykktum, s.s. samþykkt um hæsnahald, samþykkt um hundahald í Reykjavík, samþykkt um kattahald í Reykjavík og samþykkt um takmörkun búfjárhalds og bann við lausagöngu búfjár í Reykjavík.

## VI. KAFLI

### **Um refsingar, kostnað, gildistöku o.fl.**

29. gr.

Ef einhver lætur ógert það sem honum er skylt að gera skv. samþykkt þessari, leyfum eða reglum settum samkvæmt henni getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra greiðist af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni. Jafnframt er Reykjavíkurborg heimilt að framkvæma og innheimta kostnað vegna þrifa, lagfæringa og snyrtinga, eftir atvikum að undangenginni tilkynningu til hlutaðeigandi, í samræmi við önnur ákvæði þessarar samþykktar

30. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum sbr. 6. gr. laga nr. 36 18. maí 1988 um lögreglusamþykktir nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum. Mál sem varða brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar skal fara með að hætti laga um meðferð opinberra mála.

31. gr.

Lögreglusamþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt skv. lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1988 og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt er felld úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg nr. 506, 3. júní 2004 með áorðnum breytingum.

**Reykjavíkurborg**

Tjarnargata 11

101 Reykjavík

**Ábendingar Vegagerðarinnar vegna endurskoðunar á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg**

Yðar tilvísun: Mál 5/2024. Endurskoðun lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg

Vegagerðin vill aðallega benda á ýmis vandamál er fylgdu tilkomu smáfarartækja sérstaklega þau sem tilheyra rafhlaupahjólaleigum, sbr. 32. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. breytingarlög nr. 92/2024.

Síða 1/1

Með breytingu á umferðarlögum, sbr. breytingarlög nr. 92/2024, var ætlað að leysa úr ýmsum flækjum er fylgdu tilkomu þessara farartækja, svosem um hverjir mega aka þeim, hvar skuli aka þeim o.fl. og var í því skyni stofnaður nýr flokkur smáfarartækja. Hins vegar eru löggin þögul um lagningu og frágang þessara smáfarartækja og telur Vegagerðin mikilvægt að taka tillit til þess í fyrirhuguðum breytingum á lögreglusamþykktum fyrir Reykjavíkurborg.

Í III. kafla gildandi lögreglusamþykktar er sérstaklega fjallað um ökutæki, umferð o.fl. Í 1. mgr. 19. gr. kemur fram að ekki megi leggja á almannafæri eða setja neitt það sem hindrar umferð. Vegagerðin leggur til að hafa sérstaka umfjöllun um smáfarartæki í kjölfarið, eða á öðrum stað í áðurnefndum kafla, og einkum um að það þurfi að ganga þannig frá smáfarartækjum að eigi stafi hætta eða truflun af, sbr. orðalag 6. mgr. 42. gr. umferðarlaga um frágang reiðhjóla.

Að öðru leyti hefur Vegagerðin ekki frekari athugasemdir eða ábendingar.

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær

+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Bergþóra Þorkeldsdóttir, forstjóri

Undirskrift



Reykjavík, 13. nóvember 2024  
MSS24090007

Forsætisnefnd

***Umsögn velferðarsviðs um atriði sem þarfnast endurskoðunar í gildandi lögreglusamþykkt***

Vísað er til bréfs, dags. 18. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn fagsviða Reykjavíkurborgar um atriði sem þarfnast endurskoðunar í gildandi lögreglusamþykkt.

Velferðarsvið hefur ekki aðrar athugasemdir við gildandi lögreglusamþykkt en þær sem varða áfengissölu á íþróttaviðburðum. Í þeim efnum tekur velferðarsvið undir röksemdir sem settar eru fram í umsögn skóla- og frístundasviðs um málið, dags. 7. október 2024.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Rannveig Einarsdóttir  
sviðsstjóri velferðarsviðs



**Reykjavík**